

## Fyrirspurn

til sjávarútvegsráðherra um greiðslur fyrir veiðiheimildir 1996/1997 til 2000/2001.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hverjar voru heildargreiðslur fyrirtækja og einstaklinga í einstökum sveitarfélögum á fiskveiðiárunum 1996/1997 til 2000/2001 fyrir keyptar veiðiheimildir, annars vegar fyrir aflamark og hins vegar fyrir aflahlutdeildir?
2. Hverjar voru heildartekjur fyrirtækja og einstaklinga í einstökum sveitarfélögum á fiskveiðiárunum 1996/1997 til 2000/2001 af sölu veiðiheimilda, annars vegar aflamarks og hins vegar aflahlutdeilda?
3. Hverjar voru heildargreiðslur þeirra 50 fyrirtækja og einstaklinga á landinu öllu sem greiddu mest fyrir veiðiheimildir á fiskveiðiárunum 1996/1997 til 2000/2001, annars vegar fyrir aflamark og hins vegar fyrir aflahlutdeildir, sundurliðað eftir fyrirtækjum og einstaklingum?
4. Hverjar voru heildartekjur þeirra 50 fyrirtækja og einstaklinga á landinu öllu sem mestar tekjur höfðu af sölu veiðiheimilda á fiskveiðiárunum 1996/1997 til 2000/2001, annars vegar aflamarks og hins vegar aflahlutdeilda, sundurliðað eftir fyrirtækjum og einstaklingum?

Skriflegt svar óskast.